



## Alþýðusamband Íslands

Umræðuskjal fyrir vinnu í málstofu um  
Efnahags- og kjaramál

### Kjaramál

Ársfundur ASÍ 2010

#### **Launastefna og kaupmáttur**

*Hvað höfum við sagt áður?*

#### Ársfundur ASÍ 2008

Ályktun ársfundar í kjaramálum:

„Ársfundur ASÍ leggur þunga áherslu á að staða heimilanna verði varin eins og kostur er í þeim efnahagsþrengingum sem framundan eru. Ljóst er að kaupmáttur launa mun skerðast á komandi misserum. Forgangsverkefnið við þessar aðstæður er því að lágmarka þann skaða sem heimilin standa frammi fyrir og leggja grunn að því að kaupmáttur geti sem fyrst vaxið aftur.

Ársfundurinn telur því mikilvægt að skapa víðtæka samstöðu meðal allra stéttafélaga á almennum- og opinberum vinnumarkaði um launastefnu sem tryggji öllu launafólki sambærilegar launahækkningar og kjarabætur á þessu ári og næstu tveimur árum. Slík launastefna yrði mikilvægt framlag til þess að treysta stöðu þeirra tekjulægstu samfara því að skapa aukið félagslegt og efnahagslegt öryggi og stöðugleika næstu árin.

Ársfundurinn telur að slík aðgerð sé mikilvægt innlegg í þá kjarasamninga sem nú eru að losna og einnig í komandi endurskoðun kjarasamninga. Ársfundurinn telur einnig að sú stefnumótun fundarins um aðgerðir gegn fjármálakreppu og til að auka trúverðugleika sé mikilvægt innlegg í þá vinnu sem framundan er. Ársfundurinn telur að slík stefnumótun geti verið mikilvægur grunnur fyrir miðstjórn og aðildarsamtökin við gerð og endurskoðun kjarasamninga.“

#### Aukaársfundur ASÍ 2009

Í Hagur – Vinna – Velferð segir m.a:

„Verja gildandi kjarasamninga, einkum hækkun kauptaxta, þannig að þeir verði komnir til framkvæmda fyrir lok samningstímans.“

## Ársfundur ASÍ 2009

Í ályktun ársfundar segir m.a:

„Ársfundur ASÍ telur mikilvægt að kjarasamningar haldi gildi sínu þannig að þær kjarabætur sem að óbreyttu eiga að koma til framkvæmda 1. nóvember 2009 og 1. júní 2010 skili sér til launafólks. Ársfundurinn minnir á að fjöldi launamanna hefur ekki fengið launahækkanir síðan 2007 og staða þeirra tekjulægstu er óviðunandi.“